

GULBRANDUR
SNATI
og nammisjúku njósnararnir

Brynhildur Þórarinsdóttir

GULBRANDUR
SNATI
og nammisjúku njósnararnir

Bergrún Íris Sævarsdóttir
myndskreytti



MÁL OG MENNING

Gulbrandur Snati og nammisjúku njósnararnir
Texti © Brynhildur Þórarinsdóttir 2017
Myndir © Berggrún Íris Sævarsdóttir 2017

Mál og menning
Reykjavík 2017


Öll réttindi áskilin.

Kápa: Berggrún Íris Sævarsdóttir
Uppstilling kápu: Halla Sigga / Forlagið
Umbrot: Ingibjörg Sigurðardóttir
Letur í meginmáli: Goudyinfant 8 pt./11 pt.
Prentun: Bookwell, Finnlandi

Gefin út í Reykjavík, bókmenntaborg UNESCO

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í
heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

ISBN 978-9979-3-3879-6

Mál og menning er hluti af  Forlaginu ehf.
www.forlagid.is

Efnisyfirlit

1 – Æðisleg áætlun	7
2 – Ómöguleg áætlun	15
3 – Bílferðin endalausa	22
4 – Hræðileg uppgötvun	31
5 – Njósningar í Lukkubakka	38
6 – Undarleg skepna	47
7 – Sjóráningi í vanda	54
8 – Sjóráningjasalt	61
9 – Babb kemur í bátinn – eða bílinn	69
10 – Börnin grípa til sinna ráða	76
11 – Höfuðstöðvar njónadeildarinnar	83
12 – Skrútnir fiskar og frekir mávar	93
13 – Geimverur	102
14 – Loksins Selafjörður	111
15 – Krakkar uppi í tré	119
16 – Kósíkvöld í Lukkubakka	126
17 – Njósningar í hættu	131
18 – Gulbrandur Snati gerist hetja	141
19 – Fleiri bjargvættir	149
20 – 39 óskir	156
21 – Óskasteinarnir virka!	165
22 – Lukkubakki kvaddur	176

1

Æðisleg áætlun

Það var síðasti skóladagur vorsins í Brattaskóla. Samt var þetta eiginlega ekki skóladagur, enginn var með skólátösku og engin kennsla var í gangi. Aðeins eitt atriði var á stundaskránni: grillveisla. Fjörugir krakkar hlupu um skólalóðina með pylsur og safa. Sumir notuðu fernurnar eins og vatnsbyssur og bunuðu á vini sína gegnum rörið. Aðrir sátu penir upp við skólavegg og böðuðu sig í sólinni. Tónlistarkennarinn spilaði á gítar og íþróttakennarinn stjórnaði hókí-pókí. Kennararnir dönsuðu með nemendum sínum með miklum tilþrifum. Meira að segja skólastjórinn fékk sér snúning, svo hratt að sólgleraugin þutu af löngu nefinu á henni.

Alls staðar heyrðust krakkar spjalla um fríð framundan, Mæjorka, Reykjavík, Svíþjóð, Ásbyrgi ... alla langaði í ferðalag. Systkinin Gunnar og Gyða ætluðu að gera svo ótrúlega margt skemmtilegt í sumarfríinu. Þau ætluðu

í fimm útilegur og sumarbústað með heitum potti, sigla til Danmerkur og fara í Lególand og Tívolí og fljúga til Spánar og liggja á ströndinni í heilan mánuð. Gyða var búin að segja bestu vinkonum sínum frá öllum þessum ferðaplönunum og þær voru grænar af öfund.

– Hugsaðu þér, Sylvía fær BARA að fara í sumarbúðir og ekki til útlanda, sagði hún við Gunnar sem sat hjá henni í skólatröppunum og tróð í sig pylsu með sinnepi. – Og Æsa verður í mánuð hjá pabba sínum sem býr í Norgegi. Það telst auðvitað ekki með. En við, við verðum í útlöndum og útilegum í allt sumar.

Gunnar hló hátt. Ívar Óli vinur hans vissi ekki einu sinni hvort hann færi í ferðalag í sumar. – Þetta verður besta sumar á allri minni ævi, tísti Gunnar svo að safinn frussaðist út úr honum.

– Ég veit, svaraði Gyða einbeitt. – Langbesta sumar í heiminum og geiminum. Hún skaut langri bunu af jarðarberjasafa upp úr fernunni og reyndi að grípa hana með munninum.

– Það eina sem við þurfum að gera er að segja pabba og mömmu að við ætlum að hafa sumarið svona, bætti hún svo við og þurrkaði klístrað ennið með peysuerminni.

– Það verður ekkert mál, sagði Gunnar ákveðinn. Þau verða bara glöð yfir að við séum búin að skipuleggja sumarfríð fyrir þau.

– Já, einmitt, tók Gyða undir. – Alveg hoppandi glöð. Af því að þau nenna aldrei að ræða um svona skipulags-



mál. Þau geta ekki einu sinni skipulagt kvöldmatinn. Gyða var enn fúl yfir að hafa fengið ristað brauð í matinn kvöldið áður.

– Við erum búin að spara þeim mikinn tíma, sagði Gunnar drjúgur með sig.

– Mjög mikinn tíma, endurtók Gyða stolt. – Þau verða svoóó ánægð þegar við segjum þeim planið okkar í kvöld.

Þau kláruðu pylsurnar og drykkina og röltu af stað heim, sönglandi kát með hókí þókí á heilanum. Í kvöld myndu þau segja mömmu og pabba hvað fjölskyldan ætlaði að gera í sumar. Þau voru með skothelt plan fyrir þetta; þau myndu vera óvenju stillt og þrúð við kvöldverðarborðið (nema það væri bara ristað brauð í matinn), svo myndu þau biðja kurteislega um orðið og rétta foreldrum sínum fallega skrifaða áætlunina á blaði. Gyða myndi meira

að segja nota gullpennann sinn sem hún var annars að spara.

Áætlunin kollsteyptist um leið og þau komu heim.

– Hvað ert þú að gera heima? spurðu systkinin í kór þegar þau sáu pabba standa í miðri stofunni. Ráðgjafastofan Fundvís lokaði aldrei fyrr en klukkan sex og nú var klukkan bara tvö.

Pabbi veifaði Morgunpóstinum framan í þau.

– Er hann farinn að bera út blöð? hvíslaði Gunnar og leit hissa á systur sína. Hún yppti öxlum, það var aldrei að vita hverju pabbi tæki upp á en blaðaútburður var kannski ekki það sem henni hefði dottið í hug.

– Magga! kallaði pabbi hátt og skimaði um húsið.

– Hvar er mamma ykkar, krakkar?

Krakkarnir ypptu öxlum. – Við vorum bara að koma heim, sagði Gyða. – Manstu, sumarfríð er að by...

Pabbi kallaði svo hátt að orð hennar drukknuðu.

– Magnea, ég þarf að sýna þér svolítið!

Og nú kom mamma, með fartölvuna í annarri hendinni og kaffibolla í hinni. – Hvað í ósköpunum? Er svona rólegt í Fundvís í dag?

– Fundvís er ekki til lengur, svaraði pabbi æstur, – ég skellti í lás í morgun. Lífstílsráðgjöf er úrelt, útskýrði hann með hraði og lét sem hann sæi ekki hvað mömmu brá. Kaffibollinn rann úr hendinni á henni og skall á gólfinu svo að kapútsjínóið skvettist um allt.

Pabbi stökk undan gusunum og veifaði dagblaðinu framan í hana. „Tvær milljónir ferðamanna á leið til landsins. Gríðarleg uppsveifla í ferðaþjónustu.“ stóð stórum stöfum á forsiðu Morgunpóstsins.

– Sjáðu, Magga mín. Hann ýtti blaðinu alveg upp að nefinu á henni. – Nú grípum við gæsina.

Gunnar reif í blaðið til að sjá fuglinn en það var engin gæs á myndinni, aðeins fólk í úlpum og frussandi foss. – Hvar er gæsin? spurði hann hissa.

Pabbi hló og klappaði honum á kollinn. – Maður tekur bara svona til orða, það þýðir að grípa tækifærið, drífa í hlutunum ... Hann brosti til mömmu sem vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið. – Græða svolitla peninga ... hélt pabbi áfram og reyndi árangurslaust að blikka mömmu meðan hann tók upp símann sinn og sló inn númer af auglýsingasíðu Morgunpóstsins.

– Ha, lokaðirðu fyrirtækinu til að fara á gæsaveiðar? stamaði mamma loks ringluð.

Nei, pabbi var ekki að fara á gæsaveiðar. Það voru engir fuglar þar sem hann ætlaði að vera. Hann ætlaði að stofna ferðaskrifstofu og verja sumrinu í að kenna túristum að byggja snjóhús uppi á Vatnajökli. Krakkarnir skildu þetta ekki alveg.

– Þú hefur aldrei byggt snjóhús með okkur, sagði Gyða ásakandi.

– Nei, hló pabbi, – það er allt annað. Nú fæ ég fullt af peningum fyrir að byggja snjóhús.

– Færðu ekki nógan pening fyrir að vera lífstílsráðgjafi? spurði Gunnar. – Mér finnst betra að þú sért að vinna í Fundvís en einhvers staðar uppi á jökli. Mér fannst reyndar best þegar þú varst að selja heilsuvítamín. Þá varstu svo mikið heima á daginn.

Pabbi greip Gunnar í fangið. – Maður á að aka seglum eftir vindi, vinurinn. Það er tóm vitleysa að strita við ráðgjöf til ringlaðra Íslendinga þegar allir þessir ferðamenn eru á leiðinni til landsins með full veski af peningum.

– Þú segir nokkuð. Mamma greip blaðið af honum og las fréttina upphátt: „Áætlað er að tvær milljónir ferðamanna komi til landsins í sumar. Ævintýraferðir njóta mikilla vinsælda, einkum gönguferðir á jökla og eldfjöll, og er biðlisti í vinsælustu ferðirnar. Þá er mikill skortur á gistirými, sérstaklega á Norðurlandi, en uppselt er nú þegar í allt beina flugið milli Akureyrar og Beijing í sumar, sem Vúhú-flug hóf sölu á í síðustu viku.“

– Það er aldeilis, sagði mamma með glampa í augunum. – Við gætum svo sannarlega notað meiri peninga, ég gæti sleppt vöktunum á Paprikunni og skrifað bók, kannski glæpasögu, þær eru svo vinsælar núna ... Hún masaði á meðan hún opnaði tölvuna.

Krökkunum var nú alveg hætt að lítast á blikuna. – Ætlar þú líka upp á jökul? stundi Gunnar með grátstafinn í kverkunum.

– Nei, aldeilis ekki, sagði mamma utan við sig á meðan hún pikkaði eitthvað á lyklaborðið. – Sjáðu þetta, sagði hún loks og rétti pabba fartölvuna. Krakkarnir tylltu sér á tær til að sjá á skjáinn hjá honum. Við þeim blasti mynd af þeim sjálfum í stofusófanum við hliðina á glitrandi jólatré. „Beautiful 3 bedroom apartment in Akureyri,“ stóð yfir myndinni.

– Hvað þýðir þetta? spurði Gunnar og reyndi að stafa sig í gegnum enskuna.

– Falleg þriggja svefnherbergja íbúð á Akureyri, svaraði mamma ánægð með sig. – Ég var að skrá íbúðina á gistisíðu fyrir ferðamenn.

– Og fylgjum við með? Gyða starði reiðilega á hana.

– Nei, alls ekki, sagði mamma, þetta er bara eina myndin sem ég fann í tölvunni þar sem er hreint og fínt hérna inni. Hún skimaði um stofuna þar sem hettupeysur krakkanna lágu á gólfinu, Andrésblöð þöktu sófann og jóгурtdósirnar sem þau höfðu borðað upp úr um morguninn stóðu enn á borðinu. Á ofninum lá þar af skíðahönskum þótt ekki hefði snjóað síðan í apríl. Ekki bættu kaffiskvettarnar á gólfinu ástandið, þótt pabbi hefði reynt að þurrka þær upp með sokkunum. Nú voru kaffilit fótspor út um alla stofu.

Mamma hafði varla sleppt orðinu þegar tölvan fór að pípa til marks um að ný skilaboð hefðu borist. Pípið varð þéttara og þéttara og loks pípti hún stanslaust.

– Hvað er þetta eiginlega? tautaði mamma,
– er tölvan að bila? Hún steinþagnaði þegar hún sá að gistisíðan blikkaði ljósum. Pöntununum í íbúðina þeirra rigndi hreinlega inn. – Ég ætlaði nú bara að prófa þetta, leigja kannski út eitt herbergi í eina helgi ... stamaði mamma.

– Segðu já! hrópaði pabbi, – samþykktu þetta allt!
– Við verðum rík! Hann steig dansspor á stofugólfinu og greip um mittið á mömmu.

Það skríkti í mömmu þegar hún skrunaði niður síðuna og las tilboðin. – Þetta hljómar vel, sagði hún loks og samþykkti hæsta boð frá kínverskri ferðaskrifstofu sem vildi taka íbúðina á leigu í tíu vikur samfelld. Næstum allt sumarfrí krakkanna.

– Hvar eigum VIÐ að búa í sumar? spurðu börnin skelkuð.

Mamma og pabbi litu hvumsa hvort á annað. – Það er góð spurning, sagði mamma loks og klóraði sér í kollinum.